

**444. fundur velferðarnefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. desember 2019**  
**og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg formaður, Þórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði og Arna Ýr Kristinsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

**Fundargerð ritaði:** Alberta G. Guðbjartsdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

**Dagskrá:**

**1. Kynning Vá Vest fyrir Velferðarnefnd - 2019120001**

Fulltrúar Vá Vest mæta til fundar og kynna helstu verkefni í forvarnarmálum á norðanverðum Vestfjörðum.

*Velferðarnefnd þakkar fulltrúum Vá Vest fyrir góða kynningu og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að gerður verði samningur við Vá Vest um áframhaldandi forvarnarvinnu.*

**Gestir**

Hlynur Snorrason - 08:10

Stella Hjaltadóttir - 08:10

Esther Ósk Arnórsdóttir - 08:10

Hlynur Snorrason, Stella Hjaltadóttir og Esther Ósk Arnórsdóttir mættu til fundar kl.08:10 og véku af fundi kl.09:00.

Tinna Hrund Hlynsdóttir og Margrét Geirsdóttir véku af fundi þegar að ákvörðun velferðarnefndar var tekin.

**2. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094**

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

*Trúnaðarmál afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.*

**3. Rekstur kvennaathvarfs 2020 - styrkbeiðni - 2019100099**

Lagt fram bréf Brynhildar Jónsdóttur, rekstrarstýru kvennaathvarfsins, dags. 20. október 2019 þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2020 að upphæð kr. 200.000,-.

*Með vísan til fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2020 er samþykkt er að veita styrk til Kvennaathverfs að upphæð kr. 60.000,-.*

#### 4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 14. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir (hækkun tekju- og eignamarka leigjenda, sérstakt byggðaframlag, veðsetningu), 320. mál. Umsagnarfrestur er til 3. desember nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1083. fundi sínum 18. nóvember sl., og vísaði því til umsagnar í velferðarnefnd.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 6. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými), 328. mál. Umsagnarfrestur er til 27. nóvember nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1082. fundi sínum 11. nóvember sl., og vísaði því til velferðarnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

#### Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:55

---

Tinna Hrund Hlynisdóttir  
Hafberg

---

Þórir Guðmundsson

---

Hulda María Guðjónsdóttir

---

Bragi Rúnar Axelsson

---

Auður Helga Ólafsdóttir

---

Margrét Geirsdóttir

---

Alberta G Guðbjartsdóttir

---

Arna Ýr Kristinsdóttir